



## Skýrsla forseta Kötlu

Svæðisráðsfundur Eddusvæðis 13. Nóvember 2010 að Engjateigi 11 Reykjavík.

Stjórnarskiptafundur Kötlu var haldinn 9.október að Hótel Hengli á Nesjavöllum, ásamt eiginkonum og gestum. Þorlákur forseti hóf fundinn með því að biðja fundargesti að rísa úr sætum og minnst Erlu Ingimundardóttur, eiginkonu Snjólfss Fannalds Kjörsvæðisstjóra en hún lést 18.sept. síðastliðinn, ennfremur þeirra félaga okkar, Jóns Trausta Eyjólfssonar og Ólafs Finnbogasonar, sem létust báðir í sumar. Eftir hefðbundin fundarinnangang sæmði forseti, Sævar Hlöðversson gullstjörnu Kiwanis No 57 í tilefni 60 ára afmælis hans 9. September. Fimm klúbbmeðlimir fengu viðurkenningu fyrir 100% mætingu, Bjarnar Kristjánsson, Jóhannes Kr. Guðlaugsson, Gísli Skarphéðinsson, Sverrir M.Sverrisson og Þorlákur Jóhannsson. Afreksbikarinn í ár hlaut Jóhannes Kr. Guðlaugsson fyrir frábært starf fyrir Klúbbinn. Að þessu loknu voru tveir nýir félagar teknir inni klúbbinn, Róbert Steinar Tómasson og Kristján Héðinn Gíslason. Meðmælendur voru Gísli Skarphéðinsson og Helgi Straumfjörð. Var þeim vel fagnað af fundarmönnum.

Eftir matarhlé fóru fram formleg stjórnarskipti undir stjórn Jóns Jakobs Svæðisstjóra, með aðstoð Snjólfss Fannalds Kjörsvæðisstjóra. Við tók sem forseti Gísli Skarphéðinsson sem þakkaði fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf á liðnu starfsári. Hans fyrsta embættisverk var að sæma Þorlák fráfarandi forseta heiðurskjali fyrir 30 ára starf í Kötlu.

Frá stjórnarskiptum hafa verið haldnir 2 stjórnarfundir, 1 Félagsmálafundur og 1 Almennur fundur með ræðumanni. Á fyrri stjórnarfundinum var farið yfir og samþykktur reikningur síðasta starfsárs og samþykkt Fjárhagsáætlun 2010-2011. Þá var jafnframt samþykkt að hækka félagsgjöld í 25000 Kr. Einnig voru ræddar fyrirhugaðar fjáraflanir á komandi vetri. Á þeim seinni var farið yfir dagskrá vetrarins ofl.

Á félagsmálafundum 20 okt. setti Snjólfur kjörsvæðisstjóri þá menn í embætti sem ekki voru á stjórnarskiptafundi. Þá fór fram afhending Erindisbréfa til formanna nefnda.

Þá fór fyrrverandi féhirði, Jóhannes Kristjánsson yfir reikninga síðasta starfsárs og voru þeir samþykktir eftir nokkrar umræður. Ólafur Sigmundsson féhirðir reifaði svo Fjárhagsáætlun 2010-2011 og var hún samþykkt einróma. Nokkur umræða hefur verið vegna reksturs hússins að Engjateigi 11 en þau mál virðast komin í gott horf með nýjum rekstraráðila.

Almennur fundur var haldinn 3.nóvember. Þar var ræðumaður Hilmar Snorrason skipstjóri á Sæbjörgu og Skólustjóri Slysavarnarskóla sjómanna. Hann ræddi um þróun og siglingar kaupskipaflotans frá víkingaöld til vorra daga. Var gerður góður rómur að ræðu hans og mikið spurt um efnið.

Björn Baldvinsson frá Mosfelli formaður Ferðanefndar kynnti ferðaáætlun á Heimsþing Kiwanis 6.júlí-18.júlí 2011. Ræddi um kostnað ofl. vegna ferðarinnar. Flogið til Mílanó en verið aðalega í Frakklandi.

4. nóv. Fóru nokkrir Kötlufélagar til Slökkviliðsins í Skógarhlíð og afhentu að gjöf 150 bangsa sem hafðir verða í sjúkrabílum stöðvarinnar til huggunnar lítilla farþega sem með þeim fara. Einnig voru afhentar Kötluútkkur á Barnaspítala Hringsins þann 9 nóvember.

Þrátt fyrir að tveir nýir félagar hafi gengið í klúbbinn á stjórnarskiptafundinum hefur fækkað um 2 á árinu. Þetta sýnist mér vera stærsta áskorunin á þessu starfsári, að gera klúbbinn það aðlaðandi að nýir menn komi inn í félagsskapinn með nýjar og skemmtilegar hugmyndir .

Forseti Kötlu

-----  
Gísli Skarphéðinsson





# *Kiwanisklúbburinn KATLA* ENGJATEIG 11 - 105 REYKJAVÍK

Forseti Kötlu, 2010 – 2011: Gísli St.Skarphéðinsson, Kársnesbraut 83, 200 Kópavogi  
Heimasími: 456 3403; GSM: 862 2418 - Netfang:gerpla.g@simnet.is

